



Ársskýrsla Suðurnesjadeildar 2019 - 2020

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 25. október 2019 í fundarsal 3. hæðar HSS og mættu 23 sjúkraliðar á þann fund. Fundarstjóri var Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, fundarritari var Jóhanna Traustadóttir og Steinunn Bára Þorgilsdóttir gekk í hlutverk formanns vegna forfalla formanns.

Stjórnin er búin með sitt tímabil og ganga nú úr stjórn Gunnhildur Agnes Þórisdóttir varaformaður, Viktoría Magnúsdóttir, formaður, Ingibjörg Anna Bjarnadóttir, gjaldkeri og Grazyna Worblewska, varamaður.

Þakka ég þeim kærlega fyrir gott samstarf.

Í stjórn ætla að halda áfram þær Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir og Íris Ósk Davíðsdóttir. Þá hefur Edda Sóley Kristjánsdóttir boðið sig fram sem gjaldkeri.

Fulltrúar deildarinnar í stjórn eru:

Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, ritari

Íris Ósk Davíðsdóttir, meðstjórnandi

Ég, sem formaður, hef reynt að fá sjúkraliða í stjórn Suðurnesjadeildar Sjúkraliðafélag Íslands. Það hefur ekki gengið vel því það væri mjög leitt ef deildin myndi leggjast niður. Því vil ég hvetja sjúkraliða til að bjóða sig fram í þetta áhugaverða, skemmtilega og lærdómsríka starf.

Þar sem ekki hefur gengið vel að manna Suðurnesjadeildina þá hefur Sjúkraliðafélagið ákveðið að taka deildina í fóstur í eitt ár - og sjá hvort sjúkraliðar fáist til að koma í stjórn.

Lögð var fram fjárhagsáætlun og hún samþykkt.

Endurskoðendur reikninga eru Helga Kristín Guðmundsdóttir og Guðmunda Benediktsdóttir.



Á síðasta ári voru haldnir tveir stjórnarfundir og á fyrsta stjórnarfundinum þann 31. janúar 2019 skipti stjórnin með sér verkum.

Ákveðið var að Gunnhildur Agnes Þórisdóttir yrði varaformaður, Ingibjörg Anna Bjarnadóttir yrði áfram gjaldkeri, Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir yrði áfram ritari, Íris Ósk Davíðsdóttir meðstjórnandi og Grazyn Wróblewska varamaður.

Helstu verkefni þetta árið fyrir utan stjórnarfundinum var að Viktoría Magnúsdóttir og Ingibjörg Anna Bjarnadóttir sátu árlegt fulltrúafundur SLFÍ. Að auki sat formaður tvo félagsstjórnarfundum, en þriðja félagsstjórnarfundinum sat Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir ritari. Einnig var formaður fulltrúi á 45. BSRB þingi sem var mjög áhugavert og skemmtilegt.

Ása Einarsdóttir kennari sjúkraliðabrautar í Fjölbrautarskóla Suðurnesja var við útskrift sjúkraliða um áramót þar sem að einn sjúkraliði útskrifaðist og veitti hún henni viðurkenningu og blóm. Ánægjulegt er að segja frá því að nú eru 16 nemendur sem stunda nám á sjúkraliðabraut.

Evrópudagur sjúkraliða er haldinn 26. nóvember ár hvert. Í þetta sinn gerði deildin ekkert en fékk góða kveðjur frá forstjóra HSS, Markúsi Ingólfi Eiríkssyni. Haldin var árlega jólagleði og í þetta sinn var farið á jólahlaðborð á Rána þar sem hljómsveit Geirmundar Valtýrs lék. Aðeins mættu 3 sjúkraliðar á jólagleðina.

Næst á að skipta um trúnaðarmenn fyrir 30. september 2020 og eftir það annað hvert ár.

Stjórnin vill þakka góðar stundir á liðnu ári.

Viktoría Magnúsdóttir, formaður.